

Heiti verkefnis	Norðurslóðamiðstöð Íslands
Númer verkefnis	2021-8
Markmið	<p>Akureyri verði formlega viðurkennd Norðurslóðamiðstöð Íslands.</p> <p>Markmið 1: Auka enn frekar vægi Akureyrar í málefnum Norðurslóða á Íslandi (Arctic Akureyri)</p> <p>Markmið 2: Auka samvinnu sveitarfélaga á Norðausturlandi í málefnum Norðurslóða</p> <p>Markmið 3: Auka stuðning við rannsóknasamvinnu á Norðausturlandi, vegna umsókna í stóra samkeppnissjóði, s.s. Horizon 2020 (þ.m.t. vegna Norðurslóða).</p>
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Málefni norðurslóða eru sífellt mikilvægari á alþjóðlegum vettvangi og virðist ekkert lát þar á. Uppbygging þverfaglegs þekkingarsamfélags á Akureyri á sviði norðurslóða, þessi síðustu ár, hefur því verið heillavænlegt skref og treystir þátttöku landsins í alþjóðasamstarfi. Málefni norðurslóða eru þess eðlis að þau almennt kalla á þverfaglega nálgun. Ef til vill hefur af þeirri ástæðu gefið góða raun að beina á einn stað aðilum, ekki aðeins hér á landi, heldur einnig í öðrum norðurslóðaríkjum þar sem svipaðar miðstöðvar hafa byggst upp með góðum árangri. Þannig hefur reynslan líka sýnt okkur að þær stofnanir sem þegar eru staðsettar á Akureyri hafa haft ýmsan ávinning af nálægð sinni hver við aðra. Sterk miðstöð málefna norðurslóða á Íslandi mun tvímælalaust styrkja og styðja við allt það margvíslega starf sem fram fer víða um land og tengist norðurslóðum.</p> <p><b>Markmið 1:</b> Auka enn frekar vægi Akureyrar í málefnum Norðurslóða á Íslandi  <i>Markaðs- og kynningarstarf vegna Arctic Akureyri</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Markaðs- og kynningaráætlun (outreach and promotion)</li> <li>• Hanna og framleiða kynningarefni</li> <li>• Skipuleggja reglulega samráðsfundi Norðurslóðafólks á Akureyri</li> </ul> <p><i>Skipulag á sameiginlegum Norðurslóðaviðburðum</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipulagning á sameiginlegum málstofum á Hringborði Norðurslóða</li> <li>• Skipulagning á dagskrá fyrir gestkomandi í samstarfi við viðeigandi aðila</li> <li>• Undirbúningur á eflingu samstarfs sveitarfélaga (Eyþing) í málefnum Norðurslóða</li> </ul> <p><b>Markmið 2:</b> Auka samvinnu sveitarfélaga á Norðausturlandi í málefnum Norðurslóða</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinna að eflingu samstarfs sveitarfélaga (Eyþing) í málefnum Norðurslóða</li> <li>• Skilgreina þarfir vegna markmiðs 3 um aukinn stuðning við rannsóknasamvinnu á Norðausturlandi.</li> </ul> <p><b>Markmið 3:</b> Auka stuðning við rannsóknasamvinnu á Norðausturlandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kortlagning / Þarfagreining á verkefnum og rannsóknum í samráði við bæjarfélög, atvinnulíf og fræðimenn</li> <li>• Þróun á verkefnum til umsóknar í stóra samkeppnissjóði, s.s. Horizon 2020 (þ.m.t. vegna Norðurslóða).</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefnastjórnun og stuðningur við umsóknarferli</li> </ul>
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Utánríkisráðuneyti
Framkvæmdaaðili	Norðurslóðanet Íslands
Samstarfsaðilar	Akureyrarbær, Rannsóknarþing Norðursins hjá Háskólanum á Akureyri Utánríkisráðuneytið og SSNE.
Tengsl við sóknaráætlun	<p>Tækifæri: „Landfræðileg lega í ljósi vaxandi áhuga og starfsemi á norðurslóðum.“</p> <p>Atvinna og nýsköpun:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Auka samstarf sveitarfélaga.</li> <li>• Að auka opinbert fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar til landshlutans um 40%</li> <li>• Hvetja til nýsköpunar í norðurslóðamálum og að Akureyri verði miðstöð fyrir norðurslóðastarfsemi á landinu.</li> </ul> <p>Umhverfismál:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Helstu áherslur í Sóknaráætlun krefjast rannsókna og samstarfs sveitarfélaga sem mun krefjast skipulagningar og fjármagns. Helstu markmið þessa verkefnis snúa einmitt að því að virkja samstarf sveitarfélaga við skipulagningu og framkvæmd rannsókna og við að sækja styrki til að fjármagna rannsóknir.</li> </ul>
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	17. Samvinna um markmiðin – 17.16.
Árangursmælikvarðar	<p><b>Markmið 1:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Markaðs- og kynningarefni</li> <li>• Aukning á skipulagningu sameiginlegra viðburða</li> <li>• Aukin umfjöllun í miðlum</li> </ul> <p><b>Markmið 2</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Aukið samstarf sveitarfélaga í verkefnum sem snúa að sameiginlegum hagsmunum í samhengi Norðurslóða.</li> </ul> <p><b>Markmið 3</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þarfagreining á verkefnum og rannsóknum</li> <li>• Auknar umsóknir í rannsókn- og samkeppnisjóði</li> <li>• Fjölgun verkefna með fjármögnun úr rannsókn- og samkeppnissjóðum</li> </ul>
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Efld Norðurslóðamiðstöð</li> <li>• Eflt rannsóknasamstarf á Norðausturlandi.</li> <li>• Aukið fjármagn til rannsókna og verkefna úr erlendum samkeppnissjóðum.</li> <li>• Tvö stöðugildi</li> <li>• Aukin þekking</li> <li>• Aukið samstarf</li> <li>• Aukinn sýnileiki á viðburðum, s.s. Arctic Circle</li> </ul>
Upphaf og lok verkefnis	Vor 2021- loka árs 2023
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	<p><b>2021 – 14.465.000</b></p> <p>2022 – 19.305.000</p> <p>2023 – 22.616.000</p>
Framlag úr sóknaráætlun	Kr. 10.000.000. -

(árið 2022 og á hverju ári eftir það, ef við á)	
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Byggðaáætlun A.3. Norðurslóðaáætlun Íslands